

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á suðursvæði Egilsstaða, Fljótshéraði.

Bæjarstjórn Fljótshéraðs samþykkti 3. október 2007, breytingu á deiliskipulagi á suðursvæði Egilsstaða. Deiliskipulagið felur eftirfarandi í sér:

- 1) Breytt er hámarkshalla þaka úr 10-30° í 0-30° og úr 10-45° í 0-45° á öllu svæðinu í öllum kafla 4.
- 2) Í kafla 3.6 er bætt við „Valmaþök eru heimil“.
- 3) Í kafla 3.7 er bætt inn í eftir 4. málsgrein „Á lóð sambýlis skal koma fyrir 6 bílastæðum þar af a.m.k. 3 stæðum fyrir fatlaða“.
- 4) Í kafla 3.8 er tekið út „og þakbrúnum“ í fyrstu málsgrein.
- 5) Í kafla 4.9 er fjöldi húsa og lóða breytt úr 9 í 8 og íbúða úr 18 í 16.
- 6) Nýjum kafla, 4.17 Sambýli S1, er bætt inn: „Eitt sambýli S1 er við Bláargerði, með samtals 4 íbúðum“.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fljótshéraði, 22. október 2010.

Ómar Þ. Björgólfsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 5. nóvember 2010